



Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH

Árshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2019

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH
Borgartún 25
105 Reykjavík

kt. 530114-9960

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 1 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Yfirlit yfir fjárfestingar | 5 |
| Skýringar | 6 |

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH er fagfjárfestasjóður sem starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði. Sjóðurinn er lokaður sjóður og eingögnu ætlaður fagfjárfestum. Rekstur sjóðsins er í höndum Júpíters rekstrarfélags hf.

Enginn starfsmaður er hjá sjóðnum á tímabilinu.

Árshlutareikningur sjóðsins er hluti af B-hluta árshlutareiknings Júpíters rekstrarfélags hf. sem inniheldur árshlutareikninga verðbréfa-, fjárfestinga-, og fagfjárfestasjóða. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Tap varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní að fjárhæð 636 þús.kr. Hrein eign hlutdeildarskírteinishafa var neikvæð um 541 þús.kr. þann 30. júní 2019.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 30. júní 2019 og rekstrarrafkomu hans og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggjt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sjóðsins og stöðu hans og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem sjóðurinn býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. ágúst 2019.

Stjórn

Ottar M. Ingvarsson
Sigríður Magnússon
Eh. Kristján S.

Framkvæmdastjóri

Regnur Þorvarður

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í Fagfjárfestasjóðinum ÍSH.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Fagfjárfestasjóðsins ÍSH fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir fjárfestingar, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins eru ábyrgð fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglur um reikningsskil verðbréfasjóða. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang Könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2019 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfasjóða.

Reykjavík, 22. ágúst 2019.

KPMG ehf.

*Regnur S. Gylfason
Hrafnhildur Helgadóttir*

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar til 30. júní 2019

| | Skyringar | 6m 2019 | 6m 2018 |
|-------------------------------|-----------|----------|----------|
| Vaxtatekjur | 3 | 72.138 | 64.452 |
| Vaxtagjöld | 3 | (70.262) | (62.659) |
| Hreinar fjármunatekjur | | 1.876 | 1.794 |
| Umsýsluþóknun | 11 | (1.821) | (1.578) |
| Viðskiptaþóknanir | | 0 | (6) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (691) | (817) |
| Rekstrargjöld alls | | (2.512) | (2.401) |
| Tap tímabilsins | | (636) | (607) |

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

| | | |
|---|-------|-----|
| Hrein eign í byrjun árs | 95 | 874 |
| Fjármögnumnarhreyfingar | | |
| Seld hlutdeildarskírteini | 0 | 0 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini | 0 | 0 |
| Hækkan á fjármögnumnarhreyfingum | 0 | 0 |
| (Hrein skuld) hrein eign í lok tímabilsins | (541) | 267 |

Efnahagsreikningur 30. júní 2019

| | Skýringar | 30.6.2019 | 31.12.2018 |
|------------------------------------|-----------|-----------|------------|
| Eignir | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 4 | 2.122.542 | 2.107.834 |
| Fjárfestingar samtals | | 2.122.542 | 2.107.834 |
| Handbært fé | 5 | 681 | 370 |
| Aðrar eignir samtals | | 681 | 370 |
| Eignir samtals | | 2.123.224 | 2.108.204 |
| <hr/> | | | |
| Skuldir | | | |
| Skuldabréfaútgáfa | 6,9 | 2.112.657 | 2.098.530 |
| Langtímaskuldir samtals | | 2.112.657 | 2.098.530 |
| Viðskiptaskuldir | | 6.938 | 5.409 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 4.170 | 4.170 |
| Aðrar skuldir samtals | | 11.107 | 9.579 |
| Skuldir samtals | | 2.123.764 | 2.108.109 |
| Hlutdeildarskírteini | | (541) | 95 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 2.123.224 | 2.108.204 |
| <hr/> | | | |
| Fjöldi eininga | | 600 | 600 |
| Gengi sjóðsbréfa | | 0,00 | 0,16 |

Yfirlit yfir fjárfestingar 30. júní 2019

| Eignir | Skýringar | 30.6.2019 | 31.12.2018 |
|--|-----------|-----------|------------|
| Önnur skuldabréf | | 2.122.542 | 2.107.834 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 2.122.542 | 2.107.834 |
| Skráðar fjárfestingar samtals | | 2.122.542 | 2.107.834 |
| Fjárfestingar samtals | | 2.122.542 | 2.107.834 |
| Hlutfallsleg skipting | | | |
| Önnur skuldabréf | | 100,0% | 100,0% |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 100,0% | 100,0% |
| Skráðar fjárfestingar samtals | | 100,0% | 100,0% |
| Fjárfestingar samtals | | 100,0% | 100,0% |

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Fagfjárfestasjóðinum ÍSH, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði og er gerður í íslenskum krónum.

Sjóðurinn er í umsjá Júpíters rekstrarfélags hf. sem er dótturfélag Kviku banka hf. og hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH er lokaður sjóður og eingöngu ætlaður fyrir fagfjárfesta og er því lokaður fyrir viðskiptum almennings.

2. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskíteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskíteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþegninn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Reikningsskilaðferðir

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

4. Verðbréf

a. Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangvirði. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeiri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu gangvirði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

b. Gengismunur

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

5. Handbært fé

Handbært fé inniheldur bankainnstæður hjá lánastofnunum með áföllnum vöxtum.

6. Skuldabréfaútgáfa

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádegnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi engi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Skýringar - framhald

Fjárfestingar

7. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

| | Fjárfestingar 30.6.2019 | 31.12.2018 | Breyting | Fjárfestingastefna Lágmark | Hámark |
|---|----------------------------|---------------|----------|-------------------------------|--------|
| Veðskuldabréf sem tryggð eru með veði í atvinnuhúsnæði | 100,0% | 100,0% | 0,0% | 0,0% | 100,0% |
| Hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum, víxlum og innlánum | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 100,0% |
| Innlán hjá fjármálfyrirtækjum | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 100,0% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% | | | |

8. Sunduriðun fjárfestinga

| | Útg. af eða með ábyrgð ríkis eða svf. | Hlutdeildar- skírteini | Hlutabréf | Annað | Samtals |
|-------------------------------|---|---------------------------|-------------|------------------|------------------|
| Aðrir fjármálagerningar | | | | 2.122.542 | 2.122.542 |
| Samtals | 0 | 0 | 0 | 2.122.542 | 2.122.542 |
| Aðrir fjármálagerningar | | | | 100,0% | 100,0% |
| Samtals | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 100,0% | 100,0% |

9. Skuldabréfaútgáfa

Skuld Fagfjárfestasjóðsins ÍSH er veðskuldabréfið FISH 14 1 gefið út 20. janúar 2014 og í kjölfarið skráð á OMX Nordic. Bréfið er jafngreiðslubréf til 35 ára með 4 afborgunum á ári. Skuldin er bundin vísitölu neysluverðs.

| | | |
|-------------------------------|--|-----------|
| Skuldabréfið FISH 14 1 | | 2.099.821 |
| Áfallnir vextir | | 12.836 |
| Staða samkvæmt efnahag | | 2.112.657 |

Afborganir af höfuðstól greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|-------------------------------|--|------------------|
| Afborganir 2019 | | 41.006 |
| Afborganir 2020 | | 42.500 |
| Afborganir 2021 | | 44.007 |
| Afborganir 2022 | | 45.568 |
| Afborganir 2023 | | 47.184 |
| Afborganir síðar | | 1.879.558 |
| | | 2.099.821 |

Hlutdeildarskírteini

10. Bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

| | 30.6.2019 | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|------------------------|-----------|------------|------------|
| Bókfært verðmæti | (541) | 95 | 795 |
| Gengi | 0,00 | 0,16 | 1,46 |

Ávöxtun greinist þannig:

| | | | |
|-------------------|---------|---------|--------|
| Nafnávöxtun | -32,82% | -75,20% | 10,00% |
| Raunávöxtun | -33,91% | -75,95% | 8,10% |

Ýmislegt

11. Þóknarir

Sjóðurinn greiðir Júpíter rekstrarfélagi hf. fasta umsýslubóknun sem er á ársgrundvelli 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins og skal greiðsla innt af hendi ársfjórðungslega.